

**Nd.**

**182. Frumvarp til laga**

**[106. mál]**

um, að gjafir til Krabbameinsfélags Reykjavíkur skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

**1. gr.**

Gjafir til Krabbameinsfélags Íslands, allt að 15 þús. kr., skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 128 30. des. 1943 voru sett ákvæði um, að gjafir til Vinnuhælis berklasjúklinga skyldu dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Með lögum nr. 21 24. marz 1944 voru samhljóða ákvæði sett um skattfrelsi gjafa til barnaspítala.

Voru í háðum þessum lögum ákvæði um gildistíma þeirra, og skyldu hin fyrrnefndu gilda til ársloka 1944, en hin síðarnefndu til ársloka 1945.

Sanngjarnt þykir, að Krabbameinsfélag Íslands njóti svipaðra hlunninda um þetta efni og ofangreind líknarfélög á sínum tíma.

Er frumvarp þetta sniðið eftir framangreindum lögum, að öðru leyti en því, að samkvæmt frv. er hámark frádráttarbærra gjafa miðað við 15 þús. kr., en slíkt hámark var ekki sett í áður nefnd lög.